



Skipulags- og byggingarsvið
skipulagsfulltrúi

Reykjavík 17. sept. 2008

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, Kársnes - hafnarsvæði Kópavogs

Vísað er til bréfs Skipulags- og byggingarsviðs dags. 28. ágúst sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfis- og samgöngusviðs um tillögu á breytingu á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins í tengslum við Kársnes og hafnarsvæði Kópavogs.

Umhverfis- og samgöngusvið hefur farið yfir tillöguna og umsögn Skipulags- og byggingarsviðs. Umhverfis- og samgöngusvið tekur undir umsögn Skipulags- og byggingarsviðs ekki síst að ekki sé ásættanlegt að eitt sveitarfélaganna við Skerjafjörð fari með landfyllingu í sjó fram nánast að sveitarfélagamörkum sínum og gerir ennfremur eftirfylgjandi athugasemdir:

1. *Reykjavíkurborg á að vera umsagnaraðili á öllum stigum þessa máls:* Fram kemur í umhverfisskýrslum að fyrirhugað sé að senda svæðisskipulagið til kynningar til annarra sveitarfélaga á svæðinu. Tillögur um fyllingar ná að sveitarfélagamörkum og ætti Reykjavíkurborg því skilyrðislaust að vera umsagnaraðili um málið á öllum stigum.
2. *Gera þarf grein fyrir áhrifum á strandlengju Reykjavíkur á framkvæmdatíma:* Í umhverfisskýrslum er ekki gerð grein fyrir áhrifum á strandlengju Reykjavíkur á framkvæmdatíma. Ljóst er að grugg, ryk og hávaði getur borist frá framkvæmdasvæði að strandsvæðum Reykjavíkur þar sem stunduð er útivist m.a. í formi siglinga og baða á ylströnd. Framkvæmdin mun einnig hafa áhrif á lífríki s.s. fuglalíf á framkvæmdatíma.
3. *Boðuð landfylling getur haft veruleg langtímaáhrif:* Í umhverfisskýrslum kemur fram að áhrif á land/sjávarbotn og lífríki séu óveruleg. Að mati Umhverfis- og samgöngusviðs gætu langtímaáhrif af framkvæmdum verið minnkað útivistargildi svæðisins, hávaðamengun, svifryksmengun og áhrif á lífríki og sjávarstrauma.
4. *Rannsóknir á áhrif sjávarstrauma og vistkerfis þurfa að fara fram strax:* Umhverfis- og samgöngusvið telur að þegar á frumstigi þurfi að liggja fyrir fullnægjandi rannsóknir á áhrifum á sjávarstrauma og vistkerfi enda hljóti frekari ákvarðanir varðandi framkvæmdina að byggja á þeim. Ekki er ásættanlegt að það verði einungis kannað frekar á seinni stigum enda bent á það í umhverfisskýrslum að óvissa sé í málinu.
5. *Til skoðunar er að friðlýsa Skerjafjörð:* Umhverfis- og samgöngusvið ítrekar þá athugasemd Skipulags- og byggingarsviðs að fyrirhugað er að friðlýsa Skerjafjörð skv. Náttúruverndaráætlun 2004-2008 og virðast fyrirhugaðar framkvæmdir vera í ósamræmi við þá stefnu ríkisins.
6. *Mikil breyting verður á ásýnd Skerjafjarðar:* Kársnesið er nánast fyrir miðju Skerjafjarðar. Að mati Umhverfis- og samgöngusviðs hljóta önnur sveitarfélög við Skerjafjörð að gera þá kröfu að að hafa aðkomu að svo afgerandi breytingum.



7. *Uppbygging á landfyllingu eykur hættu á aukinni svifryksmengun í Reykjavík:* Að mati Umhverfis- og samgöngusviðs gæti aukin byggð og umsvif með tilheyrandi umferð á þessum stað aukið svifryksmengun á höfuðborgarsvæðinu. Ekki þarf að vera að allir sem komi til með að búa á svæðinu hafi atvinnu sína þar líka. Gera þarf grein fyrir því hver þau áhrif gætu verið.
8. *Gera þarf betur grein fyrir því hvaða atvinnustarfsemi er fyrirhuguð á svæðinu:* Upplýsingar í umhverfisskýrslum um fyrirhugaða atvinnustarfsemi á svæðinu er misvísandi sérstaklega þar sem hafnarstarfsemi/hafnsækin starfsemi er nefnd. Sú gerð atvinnurekstrar sem fyrirhuguð er á svæðinu hefur mikil áhrif hvað varðar mögulega mengun sem gæti borist yfir á strandsvæði Reykjavíkur.
9. *Gera þarf grein fyrir hættu af mengun frá ofanvatni í Fossvoginn:* Ekki er gerð grein fyrir mögulegri hættu af aukinni mengun af völdum ofanvatns í Fossvoginn t.d. frá atvinnustarfsemi og götum, þar með talið götum með mikilli bílaumferð. Mikilvægt er menguðu vatni sé ekki veitt í Fossvog eða Skerjafjörð.
10. *Gera þarf vöktunaráætlun vegna uppbyggingar á Kársnesi:* Umhverfis- og samgöngusvið er algjörlega ósammála þeirri skoðun Kópavogsbæjar sem kemur fram í umhverfisskýrslum að umfang fyrirhugaðrar skipulagsbreytinga séu ekki þess eðlis að það kalli á sérstaka vöktunaráætlun. Umhverfis- og samgöngusvið telur þvert á móti í ljósi athugasemda hér að framan að skilyrðislaust eigi að gera vöktunaráætlun verði þessi skipulagsbreyting að veruleika.
11. Í umfjöllun í kafla 4.3.2. í umhverfisskýrslu um endurbótasvæði er rætt um mögulega brúargerð yfir Fossvoginn sem gæti þrengt að rennsli sjávar til viðbótar við áhrif landfyllingar. Engar tillögur um slíka brúargerð hafa borist til umfjöllunar hjá Reykjavíkurborg.
12. Umhverfis- og samgöngusvið telur jákvætt að höfn hverfi af Kársnesi. Þá opnast einnig möguleiki í framtíðinni á að leggja "Skerjafjarðarbraut" milli Reykjavíkur og Álftaness verði það talið fýsilegt.

Virðingarfyllst
f.h. Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar

Elly K. Guðmundsdóttir
sviðsstýra